



STARFSÁÆTLUN 2024-2025



VIRÐING - JÁKVÆÐNI - UMHYGGJA - FRAMSÆKNI - SEIGLA

Leirvogstunguskóli

Laxatunga 70

Sími: 586 - 8648

Netfang: guðrunbjörg@mos.is

EFNISYFIRLIT

STARFSÁÆTLUN 2024-2025	1
Ávarp Leikskólastjóra.....	3
Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	4
Innra mat	4
INNRA MAT LEIRVOGSTUNGUSKÓLA - LANGTÍMAÁÆTLUN TIL 5 ÁRA	5
Umbótaáætlun 2024. Leikur og nám (tafla).....	6
áætlun innra mats 2024-2025. Skólustarf og námskrá (tafla)	7
Ytra mat.....	8
Foreldrakönnun Skólapúlsins	8
UMBÓTAÁÆTLUN 2024-2025 (TAFLA).....	9
Áherslur leikskólans næsta starfsár	10
Starfsmannamál og áætlanir.....	13
Starfsmannahópurinn	13
STARFSÞRÓUNARSAMTÖL	13
Símenntun frá síðasta ári	14
STARFSÞRÓUN OG ENDURMENNTUN 2023-2024 (TAFLA)	14
Áætlun um símenntun í leikskólanum	15
Aðrar upplýsingar.....	15
Barnahópurinn 1. september.....	15
Foreldraráð	15
FORELDRAFÉLAG	16
Foreldraviðtöl	16
SAMSTARF VIÐ AÐRA SKÓLA OG STOFNANIR	16
ALMENNAR UPPLÝSINGAR	16
Hefðir og menning	17

ÁVARP LEIKSKÓLASTJÓRA

Haustið 2023 var krefjandi vegna mönnunarvanda og gerði okkur ekki kleift að opna ungbarnadeildina Fossakot sem hafði töluverð áhrif með auknu álagi. Erfiðustu verkefni voru helst þau að illa gekk að ráða í stöður kennara og einnig var starfsfólk að detta í veikindaleyfi og fæðingarorlof á sama tíma sem hafði þau áhrif að oft þurfti að biðja foreldra að sækja börnin fyrir.

Landslagið breyttist í nóvember þegar við fengum leikskólakennara til starfa og nokkrir starfsmenn komu aftur eftir að hafa farið á annan starfsvettvang í byrjun skólaárs.

Það er margt sem stendur upp úr á síðasta skólaári og má þá nefna þær breytingar sem áttu sér stað í styttri vinnuviku starfsmanna. Þetta fyrirkomulag hefur bætt starfsumhverfið með aukinni starfsánægju starfsfólks og minnkað álag. Gæði leikskólastarfsins hefur aukist með faglegu starfi þega margir starfsmenn á dag hættu að fara í styttingu alla daga vikunnar.

Aðal verkefni skólans er að klára nýja skólanámskrá og innleiða hana.

Nú á haustdögum, í upphafi nýs skólaárs, sjáum við fram á góða tíma þar sem við getum haldið uppi faglegu starfi í Leirvogstunguskóla með bjartsýnu og jákvæðu starfsfólki sem í samvinnu gerir gott starf betra.

Guðrún Björg Pálsdóttir
Leikskólastjóri Leirvogstunguskóla
Mosfellsbæ

MAT Á LEIKSKÓLASTARFI OG UMBÓTAÁÆTLUN

Matsteymi Leirvogstunguskóla skipuleggur innra mat og hefur umsjón með því. Vegna viðvarandi manneklu á haustönn hófst markviss vinna við innra mat ekki fyrr en í janúar 2024. Matsteymi fundaði reglulega annan hvern fimmtudag. Ákveðið var að meta leik barna sem aðalnámsleið. Valið grundvallaðist á endurskoðun Aðalnámskrár leikskóla þar sem nýlega voru endurskoðaðir kaflar um leikinn. Breytingar Aðalnámskrár taka gildi í september 2024. Í endurskoðuðum köflum er hnikt á leiknum sem aðalnámsleið í leikskólum. Helstu leiðir í innra matinu voru lestur meistararitgerðar um leik barna, umræður starfsmanna í smærri og stærri hópum og deildarmat þar sem starfsmenn deilda mátu saman ákveðna þætti.

INNRA MAT

Með innra mati leikskóla er lögð áhersla á að draga fram þá þætti sem við viljum bæta, leggja mat á og leggja grunn að umbótaáætlun þar sem þess er þörf.

Óformlegt mat á sér stað daglega á morgunfundum, á reglulegum deildar- og deildarstjórafundum og starfsmannafundum.

Veturinn 2023-2024 var *leikurinn* aðalmatsþátturinn. Á þessu skólaári er áherslan á að meta leikskólastarfið og vinna að námskrángerð.

INNRA MAT LEIRVOGSTUNGUSKÓLA - LANGTÍMAÁÆTLUN TIL 5 ÁRA

Matsþættir	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Stjórnun	Leikskólabragur	Innra mat
2023-2024 Leikur og nám	Leikefni. Aðgengi barna að leikefni. Aðstaða fyrir leik inni og úti. Þátttaka barna í leik Lýðræði	Hlutverk starfsmanna í leik barna Starfsþróun	Skipulag leikskólans Tækifæri til skoðanaskipta	Viðhorf starfsmanna. Samstarf Fundir	Þátttaka barna í innra mati
2024-2025 Skólastarf og skólanámskrá	Sambætt og skapandi leikskólastarf. Námssvið leikskóla Ný skólanámskrá	Virkt námskrár teymi Gott og raunhæft skipulag á vinnu við nýja skólanámskrá á	Forysta stjórnenda í gerð nýrrar skólanámskrár		Ný skólanámskrá á gefin út í lok skólaárs
2025-2026 Fagmennska kennara og símenntun	Þekking starfsmanna á nýrri skólanámskrá	Starfsþróun og starfsánægja	Stuðningur við starfsmenn Starfsmannasamtöl	Einkenni leikskólabrags.	
2026-2027 Stjórnunarhættir	Leikskólaþróun		Leikskólastjóri sem faglegur leiðtogi	Samvinna. Upplýsingamiðl. Teymisvinna	Sameiginleg sýn.
2027-2028 Innra og ytra mat. Umbótaáætlanir	Skipulag mats og gagnaöflun	Matsteymi og þátttaka í mati	Eftirfylgni umbótaáætlananna		Opinber birting mats og umbætur

UMBÓTAÁÆTLUN 2024. LEIKUR OG NÁM (TAFLA)

Umbótaþættir	Markmið umbóta	Aðgerð	Tímaáætlun	Ábyrgð	Lokið/endurm
Viðhorf og þekking starfsmanna	Að allir starfsmenn geri sér grein fyrir mikilvægi sjálfsþrottins leiks fyrir þroska barna og virði leikinn sem aðal námsleið skólans	Allir starfsmenn lesa „Það er leikur að læra. Náms í gegnum leik og hlutverk kennara“ meistararitgerð eftir Jenný Lind Gunnarsdóttur. Umræður í hópum og niðurstöðum skilað. Umræður í stærri hóp	Janúar 2024	RH	11.01.2024 / nóv 2024
Tími og rými fyrir frjálsan sjálfsþrottinn leik	Að leikaðstæður og leikumhverfi hvetji til náms, tilrauna, sköpunar og samskipta. Séu fjölbreytt og valdeflandi fyrir börnin	Deildir meta starfið. Stuðst er við efni frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur; Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs. Notaður matskvarði úr því riti	19. febrúar 2024	Deildarstj.	19.02 2024/Nóv 2024
Leikefni	Að leikefni sé þroskavænlegt, ýti undir sköpun barna, sjálfsþrottinn leik og samskipti. Markviss endurnýjun leikefnis	Fara yfir leikefni skólans. Fjarlægja það sem ekki þjónar markmiðum. Gera leikefnisstefnu. Endurnýja leikefni samkvæmt leikefnisstefnu	Febrúar 2024	Matsteymi	01.03.2024/ Júní 2024
Aðgengi barna að leikefni	Að börnin geti frjálst og óhindrað nálgast þann efnivið sem í boði er hverju sinni	Deildir meta starfið. Viðmið og vísbendingar úr sama riti og áður. (Skóla- og frístundasvið Rvk.) Sami matskvarði nýttur	19 Febrúar 2024	Deildarstj.	19.02. 2024/ Nóv. 2024
Hlutverk starfsmanna í leik barna	Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt og mikilvægi	Fræðsla og umræður	Febrúar 2024	Matsteymi	/ Nóv 2024
Leikefni og leikaðstæður í útiveru	Að útileiksvæði höfði til fjölbreytts barnahóps. Börnin hafi greiðan aðgang að gæða leikefni	Útileiksvæðisteymi stofnað. Tekur til starfa í ágúst/sept 2024	Mars 2024	Matsteymi	/ Júní 2024

ÁÆTLUN INNRA MATS 2024-2025. SKÓLASTARF OG NÁMSKRÁ (TAFLA)

Viðfangsefni	Viðmið	Matsaðferðir	Þátttakendur	Umbótaáætlun	Ábyrgð Lok
Gunnþættir menntunar og námssvið leikskóla	Unnið er með grunnþætti Aðalnámskrár og námssvið leikskóla samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár Unnið er markvisst með kennsluefnið „Leikur að læra“	Starfsmenn deilda meta hvort og hvernig markmiðum Aðalnámskrár er náð og hvernig unnið er með „Leikur að læra“ Deildir gera umbótaáætlanir	Allt starfsfólk leikskólans Börn	Raunhæf áætlun um það hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið leikskóla. Niðurstöður birtar í skólanámskrá	Námskrárteymi og matsteymi október 2024
Samþætt skapandi leikskólastarf	Leikskólastarfið er samþætt og skapandi. Áætlun þar um er í skólanámskrá	Lestur Aðalnámskrár, handbókar um leikinn og fræðigreina. Umræður í stærri og minni hópum. Starfsdagar nýttir í verkefnið	Allt starfsfólk leikskólans Börn	Raunhæf áætlun um samþætt og skapandi leikskólastarf í Leirvogstunguskóla. Birt í skólanámskrá	Námskrárteymi og matsteymi Nóvember 2024
Uppeldisleg sýn leikskólans – markmið og leiðir í starfinu	Uppeldisleg sýn leikskólans og allar starfsaðferðir samræmast fyllilega markmiðum Aðalnámskrár leikskóla	Umræður á starfsmanna-, deildar- og deildarstjóra fundum	Allt starfsfólk leikskólans	Stefna leikskólans, uppeldisleg sýn og starfsaðferðir eru birtar í skólanámskrá	Námskrárteymi mi Nóvember 2024
Ný skólanámskrá Leirvogstunguskóla	Skólanámskráin er sáttmáli um starfsaðferðir sem stuðla að velferð barna og alhliða menntun		Allt starfsfólk leikskólans Foreldrar	Námskrárteymi safnar saman efni, setur námskránna upp og sér um útgáfu hennar	Námskrárteymi mi Mars 2025

YTRA MAT

FORELDRAKÖNNUN SKÓLAPÚLSINS

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar sl. Svarhlutfall var 75 %. Í opnum svörum komu fram mörg falleg hvatningarorð til skólans og góðar ábendingar um það sem betur má fara. Það er ómetanlegt að fá raddir foreldra með þessum hætti.

Helstu niðurstöður :

1. **Daglegt leikskólastarf** - 97,6% sögðu barn sitt ánægt í leikskólanum . 91,5% foreldra telja að í skólanum sé holt mataræði.
2. **Námsumhverfi** -Foreldrar meta félagsleg samskipti góð eða 90,7% og þáttaka án aðgreiningar ganga vel eða 100% tilfella
3. **Samskipti við foreldra** - Þessa þætti þurfum við nauðsynlega að skoða og bæta. Upplýsingamiðlun til foreldra er um 61,9% en nú þegar hefur upplýsingaflæði til foreldra verið aukið og senda allir deildarstjórar vikulegar fréttir af starfinu. Ánægja með heimasíðu skólans er ekki nema 58,5% og þekking á stefnu og námskrá leikskólans er 59,3%.
4. **Upphaf og lok leikskólagöngu** - Leikskólabyrjun voru 87,5% foreldra ánægðir og 77,3% voru ánægðir með flutning milli deilda.

UMBÓTAÁÆTLUN 2024-2025 (TAFLA)

Umbótaþættir	Aðgerð	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Endurmat
Stjórnun	Starfsmaður frá skólaskrifstofu kemur til aðstoðar skólastjórnendum.	Vor 24	Okt 24	Stjórnendur	Vor 25
Húsnæði og aðstaða	Starfsmenn deilda skoða sína deild með tilliti til þess hvað megi betur fara og hvað samræmist betur stefnu leikskólans og áherslum í skólastarfi sem fram koma í skólanámskrá. Leikskólastjóri útvegar þann búnað sem þurfa þykir	Apríl 24	okt 24	Deildarstjórar	Jan 25
Vinnubrögð	Gera starfsmannastefnu fyrir skólann. Hafa virka símenntunaráætlun. Endurnýja starfsmannahandbók þar sem ýmsir verkferlar eru birtir	Apríl 24	Nóv 24	Leikskólastjóri aðstoðarleikskólastjóri	Vor 25
Námsumhverfi	Námsumhverfi skipulagt samkvæmt stefnu og markmiðum í starfi skólans sem birtist í skólanámskrá			leikskólastjóri	
Stefna leikskólans	Marka leikskólanum stefnu sem birt er í skólanámskrá	Vor 24	Vor 25	leikskólastjóri	Des 25
Heimasíða	Ný heimasíða komin inn á www.mos.is	Vor 24	Vor 25	leikskólastjóri	Des. 25
Upplýsingamiðlun	Upplýsingaflæði til foreldra aukið. Allar deildir senda vikuleg fréttabréf. Boðið er uppá tvö foreldraviðtöl á ári.	Er hafið	nóv 24	Allir stjórnendur skólans	Jan 25

ÁHERSLUR LEIKSKÓLANS NÆSTA STARFSÁR

Síðasta skólaár höfum við verið að endurskoða starfið, dagskipulagið og leik barna. Leiknum var gert hærra undir höfði í Aðalnámskrá leikskóla, eins og fram hefur komið, og lét Leirvogstunguskóli ekki slag standa og fór af stað í góða og mikilvæga vinnu með deildarstjórum og starfsfólki skólans.

Leikur að læra Í Leirvogstunguskóla er unnið samkvæmt kennsluaðferðinni *Leikur að læra* þar sem áhersla er lögð á að læra í gegnum leikinn. Þessi kennsluaðferð hentar öllum börnum og er sniðin að þeirra þroskastigi hverju sinni. Í vetur verður áhersla lögð á að hver deild fari í *Leikur að læra* 1 x í viku.

Leikurinn Lögð verður áhersla á að efla frjálsa og sjálfsprottinn leik barna, inni og úti. Leikurinn er bæði markmið og leið í uppeldi og menntun ungra barna. Leikurinn í sinni fjölbreyttustu mynd er leið náms og þroska í lífi ungra barna og er kjarninn í öllu námi og starfi leikskóla. Leikurinn er náms- og þroskaleið barnsins og um leið kennslutæki kennarans.

Bókasafnsferð elstu árganganna Stefnt verður á að tveir elstu árgangarnir fara í reglulegar ferðir á Bóksafn Mosfellsbæjar. Möguleikarnir eru margir og fjölbreyttir í slíkum ferðum, börnin skoða og lesa bækur, spilað saman og skoðað listasafnið. Einnig er í boði að fá sögustund hjá starfsmanni safnsins sem les fyrir þau bók sem um leið er varpað upp á skjá.

Flæðandi föstudagar Haldið verður áfram með flæði á föstudögum líkt og síðasta vetur. Þar fá börnin tækifæri að fara á milli deilda og verkefna með frjálsum hætti og kynnst um leið fleiri börnum, kennurum og deildum. Þetta verkefni hefur fest í sessi og mun halda áfram að vera partur af skipulagi okkar næsta vetur.

Námskrá: Verið er að leggja lokahönd á námskrá Leirvogstunguskóla sem mun líta dagsins ljós í lok skólaárs.

Efniviður: Áfram verður unnið með opin efnivið þar sem kubbar eru í forgrunni ásamt verðlausu efni. Áhersla er á könnunarleikinn meðal yngstu árganganna þar sem lögð er áhersla á skynjun og könnun barnanna. Í könnunarleik er notast við verðlausan efnivið.

Skapandi starf: Sköpun er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi. Við viljum efla skapandi starf, ýta undir forvitni og frumkvæði. Við viljum hvetja börnin til að leita lausna, rýna, skoða og rannsaka. Umhverfið okkar og náttúran verða í forgrunni ásamt verðlausu efni og ímyndunaraflinu. Göngutúrar, listsköpun og fræðsla.

Lubbastundir: Verða vikulega inn á yngri deildum. Þar eru íslensku máhljóðin kynnt fyrir börnum í gegnum skemmtilegar sögur, myndir og söngva. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem þarf aðstoð barnanna í að efla málþroska sinn. Náms efnið byggist á samþættingu sjón-, heyrnar- og hreyfiskyns.

Foreldrasamstarf: Upplýsingaflæði hefur aukist til muna með reglulegum upplýsingapóstum til foreldra og því verður haldið áfram. Í slíkum póstum gefst foreldrum tækifæri til að fylgjast með fjölbreyttu starfi sem á sér stað daglega inn á öllum deildum leikskólans. Þar er að finna fréttir, upplýsingar til foreldra og myndir af börnunum í leik og starfi.

TMT (tákn með tali) Áherlsa verður lögð á að innleiða táknið inn á hverri deild og ýta undir notkun þeirra í daglegu tali með börnum. Tákn með tali byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli.

Útieldhús/aðstaða Leikskólinn fékk úthlutað styrk úr Klörusjóði til að byrja á að útbúa aðstöðu fyrir útikennslu og leik. Stofnað hefur verið teymi innan skólans sem mun sjá um að hrinda þessari frábæru hugmynd í framkvæmd.

STARFSMANNAMÁL OG ÁÆTLANIR

STARFSMANNAHÓPURINN

Í Leirvogstunguskóla starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks á öllum aldri. Þann 1. september 2024 störfuðu 33 starfsmenn í Leirvogstunguskóla. Í þeim hópi eru sjö leikskólakennarar og 4 starfsmenn með aðra háskólamenntun. Þrír starfsmenn í fæðingarorlofi. Sex starfsmenn eru með annað móðurmál en íslensku, en það eru pólska, portúgalska, ítalska og rúmenska.

STARFSPRÓUNARSAMTÖL

Starfspróunarsamtöl eru haldin á hverri vorönn. Þessi samtöl eru trúnaðarsamtöl milli starfsmanns og stjórnenda. Markmið starfspróunarsamtala er að ræða líðan og frammistöðu starfsmanns og gefst starfsmanni tækifæri til að láta vita ef eitthvað má betur fara. Niðurstöður eru nýttar til að færa til betri vegar það sem bent er á og kemur fram, hvort sem það snertir leikskólann eða starfsmanninn.

SÍMENNTUN FRÁ SÍÐASTA ÁRI

STARFSPRÓUN OG ENDURMENNTUN 2023-2024 (TAFLA)

Símenntun	Markmið	Þátttakendur	Tími	Kostnaður/græiðandi	Námskeiðshald/ábyrgð/staðsetning
Leikskólakennar afræði haust- og vorönn 2024-2025	Leikskólakennari	Silja Rasmusen	Fer eftir námskeiðum	Leirvogstunguskóli	Háskóli Íslands Staðlotur ásamt rafrænum fyrirlestrum
Starfsdagur 11.01.2024	Fræðsla um leik barna, sjálfsprotna leikinn, framsetningu efniviðs. Lestur fræðigreinar og umræður úr efni.	Allir starfsmenn	3 tímar	Leirvogstunguskóli	Leirvogstunguskóli
Starfsdagur 25.10.2023	Hinsegin fræðsla	Allir starfsmenn	2 tímar	Mosfellsbær	Leirvogstunguskóli
Starfsdagur 19.02.2024	Leikur að læra námskeið. Upprifjun og fræðsla	Allir starfsmenn	2 tímar	Leirvogstunguskóli	Leirvogstunguskóli
Starfsdagur 12. Mars 2024	TMT námskeið (Tákn með tali)	Allir starfsmenn	2 tímar	Leirvogstunguskóli	Leirvogstunguskóli
Starfsdagur 9. Apríl 2024	Námsþættir aðalnámsskrár út frá starfi deildanna.	Allir starfsmenn	3 tímar	Leirvogstunguskóli	Leirvogstunguskóli
27. maí og 10. júní	Solihul námskeið	Kolbrún Halla og Gunna Heiða	16 tímar	Leirvogstunguskóli/ Mosfellsbær	Solihul teymi, Geðvernd og Grand hótél
Júní 2024	BOFS námskeið	Allir starfsmenn	45 mín	--	Leirvogstunguskóli

ÁÆTLUN UM SÍMENNTUN Í LEIKSKÓLANUM

Leirvogstunguskóli er framsækinn skóli í sífelldri þróun og símenntun nauðsynleg. Skólaárið 2024 - 2025 mun einn starfsmaður stunda nám í meistaranámi í leikskólakennarafræðum, einn starfsmaður í fagháskólanámi í leikskólafræðum, einn starfsmaður í mastersnámi í ensku og annar í grunnnámi í viðskiptafræði. Allir starfsmenn fara á skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins, tveir deildarstjórar munu sækja símenntun hjá Menntafléttunni og nýir starfsmenn fá nýliðakynningu.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

BARNAHÓPURINN 1. SEPTEMBER

Í Leirvogstunguskóla eru 112 börn á aldrinum 1 árs - 5 ára, fædd 2019 -2023. Kynjahlutfall er mjög jafnt, 51 drengur og 56 stúlkur. Þau skiptast niður á 6 deildir, Kvíslakot, Laxakot, Leirukot, Tungukot, Vogakot og Fossakot. Það eru 5 börn með annað móðurmál en íslensku og 9 börn sem eiga annað foreldri af erlendum uppruna. Önnur tungumál en íslenska í barnahópnum er enska, pólska, litháíska, filipíska, franska, þýska, úkraínska og armenska.

FORELDRARÁÐ

Til setu í foreldraráði eru valdir/kosnir þrír einstaklingar úr foreldrahópi Leirvogstunguskóla. Valið er í ráðið að hausti til eins árs í senn. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um öll þau mál sem snert geta starfsemi skólans. Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og annað sem viðkemur málum skólans. Ráðið fer yfir allar breytingar t.d. á skóladagatali og ábendingar frá foreldrum.

FORELDRAFÉLAG

Foreldrafélag er starfandi við skólann og eru allir foreldrar félagar í því. Á hverju hausti er haldinn aðalfundur þar sem dagskrá skólaársins er kynnt og gjald vetrarins ákveðið. Félagið sér um vorhátíðina, kaupir jólagjafir frá jólasveininum og aðrar upptökur eftir hugmynd þeirra hverju sinni.

FORELDRAVIÐTÖL

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á skólaári eða einu sinni á önn í byrjun nóvember og mars. Um er að ræða 15 mín viðtal annað hvort í síma eða á staðnum en slíkt fyrirkomulag er í höndum hvers og eins deildarstjóra.

SAMSTARF VIÐ AÐRA SKÓLA OG STOFNANIR

Á hverju ári fer elsti árgangur skólans í skólaheimsókn í Varmárskóla. Bókasafn Mosfellsbæjar hefur einnig boðið börnunum í heimsókn. Sumarleiksskólinn er samstarfsverkefni leikskóla Mosfellsbæjar, þá sameinast allir leikskólar á einn leikskóla en þá geta hinir nýtt lokun í viðhaldsverkefni ef þörf er á.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Allar almennar upplýsingar er að finna inn á heimasíðu leikskólans sem má nálgast inn á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is.

HEFÐIR OG MENNING

Afmæli barna: Þegar börn eiga afmæli höldum við upp á það. Afmælisbarnið býður börnunum á deildinni upp á ávexti og fær afmælisbarnið kórónu, skikkju og sungin er afmælissöngur.

Dótadagar: Þeir eru tveir á hvorri önn (okt/nóv og feb/mars) þá mega börnin koma með dót að heiman.

Bangsadagur: 27. október er alþjóðlegi bangsadagurinn. Á þeim degi er náttfata- og bangsadagur í leikskólanum.

Dagur íslenskrar tungu: Þá eru sögur og/eða ljóð lesin eftir íslenska höfunda á hverri deild.

Jólin: Um leið og aðventan gengur í garð förum við að huga að jólunum. Við fáum til okkar „Jól í tösku“ sem er leikrit um Grýlu og jólasveinana. Við syngjum jólalög og börnin búa til jólagjafir handa foreldrum. Við höldum jólaball þar sem jólasveinninn kemur í heimsókn með pakka handa hverju barni og borðaður er hátíðarmatur.

Ljósadagur: Í janúar ár hvert höldum við ljósdag þar sem börnin mega koma með vasaljós að heiman og við lýsum upp svartasta skammdegið.

Dagur leikskólans: Við höldum upp á daginn með því að skreyta skólann með listaverkum barnanna og höfum opið hús fyrir foreldra og bjóðum í foreldrakaffi.

Porrablót: Á bóndadaginn er boðið upp á íslenskan þorramat. Börnin föndra þorrakórónur og mega mæta lopapeysum ef þau kjósa svo.

Bolludagur - Sprengidagur - Öskudagur:

Við fögnum bolludeginum með fiskibollum í hádeginu og gómsætum rjómbollum í nónhressingu. Á sprengidag belgjum við okkur út af saltkjöti og baunum, samkvæmt gamalli hefð. Á öskudaginn er búningadagur og slegið upp öskudagsball í tilefni dagsins.

Vorhátíð: Í júní er haldin vorhátíð í boði foreldrafélagsins. Hátíðin er haldin utandyra þar sem margt skemmtilegt er í boði. Grillaðar pylsur og farið í skrúðgöngu og leiki.

Skning er alla föstudag frá kl. 14.
10 skráningardagar
Fréðsludagur Mósleikþegar 20. sept 2024
Starfsdagur en.4

Leikskóladagatal 2024 - 2025

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F. Sumarfréttir	1. S.	1. Þ.	1. F.	1. S. Þrúsdagurinn	1. M. Nýsköpur	1. L.	1. L.	1. Þ.	1. F. Veturloftur	1. S.	1. Þ.
2. F. Sumarfréttir (lok. v. 4)	2. M.	2. M.	2. L.	2. M.	2. F. Starfsdagur	2. S.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M. Símenntadagurinn	2. M.
3. L.	3. Þ.	3. F.	3. S.	3. Þ.	3. F.	3. M.	3. M.	3. F.	3. L.	3. Þ.	3. F.
4. S.	4. M.	4. F.	4. M.	4. M.	4. L.	4. Þ.	4. Þ.	4. F.	4. S.	4. M.	4. F. Lokab. kl. 13:00
5. M. Félagsfundurinn	5. F.	5. L.	5. Þ.	5. F.	5. S.	5. M.	5. M.	5. L.	5. M.	5. F.	5. L.
6. Þ. Leikskólagagn 14. 10	6. F.	6. S.	6. M.	6. F.	6. M. Hvíttarinn	6. F. Þingráðgjafar	6. F.	6. S.	6. Þ.	6. F.	6. S.
7. M.	7. L.	7. M.	7. F.	7. L.	7. Þ.	7. F. Þingráðgjafar	7. F.	7. M.	7. M.	7. L.	7. M. Sumarfréttir (vika 1)
8. F.	8. S. Dagur læsis	8. Þ.	8. F. Þingráðgjafar	8. S.	8. M.	8. L.	8. L.	8. Þ.	8. F.	8. S. Hvíttarinn	8. Þ. Sumarfréttir
9. F.	9. M.	9. M.	9. L.	9. M.	9. F.	9. S.	9. S.	9. M.	9. F.	9. M. Amni/hvítarinn	9. M. Sumarfréttir
10. L.	10. Þ.	10. F.	10. S.	10. Þ.	10. F.	10. M.	10. M.	10. F.	10. L.	10. Þ.	10. F. Sumarfréttir
11. S.	11. M.	11. F.	11. M.	11. M.	11. L.	11. Þ. Starfsdagur	11. Þ. Starfsdagur	11. F.	11. S.	11. M.	11. F. Sumarfréttir
12. M.	12. F.	12. L.	12. Þ.	12. F.	12. S.	12. M.	12. M.	12. L.	12. M.	12. F.	12. L.
13. Þ.	13. F.	13. S.	13. M.	13. F.	13. M.	13. F.	13. F.	13. S. Þingráðgjafar	13. Þ.	13. F.	13. S.
14. M.	14. L.	14. M.	14. F.	14. L.	14. Þ.	14. F.	14. F. Þingráðgjafar	14. M. Starfsdagur	14. M.	14. L.	14. M. Sumarfréttir (vika 2)
15. F.	15. S.	15. Þ.	15. F.	15. S.	15. M.	15. L.	15. L.	15. Þ. Starfsdagur	15. F.	15. S.	15. Þ. Sumarfréttir
16. F.	16. M. Dagur leikskólunnar	16. M.	16. L. Dagur leikskólunnar	16. M.	16. F.	16. S.	16. S.	16. M. Starfsdagur	16. F.	16. M.	16. M. Sumarfréttir
17. L.	17. Þ.	17. F.	17. S.	17. Þ.	17. F.	17. M.	17. M.	17. F. Starfsdagur	17. L.	17. Þ. Hvíttarinn	17. F. Sumarfréttir
18. S.	18. M.	18. F.	18. M.	18. M.	18. L.	18. Þ.	18. Þ.	18. F. Þingráðgjafar	18. S.	18. M.	18. F. Sumarfréttir
19. M.	19. F.	19. L.	19. Þ.	19. F.	19. S.	19. M.	19. M.	19. L.	19. M. Starfsdagur	19. F.	19. L.
20. Þ. Fréðsludagur Mos	20. S.	20. S.	20. M. Dagur manntalinda barna	20. F.	20. M.	20. F.	20. F.	20. S. Þingráðgjafar	20. Þ.	20. F.	20. S.
21. M.	21. L.	21. M.	21. F.	21. L.	21. Þ.	21. F.	21. F.	21. M. Amni/Þingráðgjafar	21. M.	21. L.	21. M. Sumarfréttir (vika 3)
22. F.	22. S.	22. Þ.	22. F.	22. S.	22. M.	22. L.	22. L.	22. Þ.	22. F.	22. S.	22. Þ. Sumarfréttir
23. F.	23. M.	23. M.	23. L.	Þingráðgjafar / Starfsdagur	23. F.	23. S.	23. S.	23. M.	23. F.	23. M.	23. M. Sumarfréttir
24. L.	24. Þ.	24. F. Starfsdagur	24. S.	24. Þ. Starfsdagur	24. F. Þingráðgjafar	24. M.	24. M.	24. F. Sumarfréttir	24. L.	24. Þ.	24. F. Sumarfréttir
25. S.	25. M.	25. F. Starfsdagur	25. M.	25. M. Starfsdagur	25. L.	25. Þ.	25. Þ.	25. F.	25. S.	25. M.	25. F. Sumarfréttir
26. M.	26. F. Evrópski tungumáladagurinn	26. L. Frest. venudagur	26. Þ.	26. F. Amni/Þingráðgjafar	26. S.	26. M.	26. M.	26. L.	26. M.	26. F. Félagsdagur kvenna íslens (GTH)	26. L.
27. Þ.	27. F.	27. S.	27. M.	27. F. Starfsdagur	27. M.	27. F.	27. F.	27. S.	27. Þ.	27. F.	27. S.
28. M.	28. L.	28. M. Starfsdagur	28. F.	28. L.	28. Þ.	28. F.	28. F.	28. M.	28. M.	28. L.	28. M. Sumarfréttir (vika 4)
29. F.	29. S.	29. Þ.	29. F.	29. S.	29. M.	29. L.	29. L.	29. Þ.	29. F. Uppgátardagur	29. S.	29. Þ. Sumarfréttir
30. F.	30. M.	30. M.	30. L.	30. M. Starfsdagur	30. F.	30. S.	30. S.	30. M.	30. F.	30. M.	30. M. Sumarfréttir
31. L.	31. F.	31. F.	31. F.	31. Þ. Gættardagur	31. F.	31. M.	31. M.	31. L.	31. L.	31. L.	31. L. Sumarfréttir